



Stjórnarfundur FRÍ

Dags: Þriðjudagur, 12. desember 2023

Fundur: 22. fundur stjórnar 2022-2024

Staðsetning: Fjarfundur á Zoom.

Mætt:

Aðalstjórn: Auður Árnadóttir, ~~Bergþóra Guðjónsdóttir~~, Freyr Ólafsson, Jóhann Haukur Björnsson.

Varastjórn: ~~Björgvin Víkingsson, Eiríkur Mörk Valsson, Hjördís Ólafsdóttir, Kári Steinn Karlsson, Rannveig Oddsdóttir.~~

Starfsmenn: Guðmundur Karlsson, Íris Berg Bryde

Freyr Ólafsson formaður setti fund klukkan 12:00 og bauð fundarfólk velkomið. Fundurinn var í fjarfundarformi að þessu sinni.

Dagskrá:

1. Fundarboðun og rafrænt afgreidd erindi.

Fundarboðun samþykkt. Frestun á afgreiðslu síðustu fundargerða.

2. Uppskeruhátíð og 75 ára afmæli

Fimmtudaginn 30. nóvember kl. 16.30 var efnt til fundar með yfirskriftinni “75 ár frá fyrstu landskeppni FRÍ”. Hér komu saman gamlar kempur og heiðursfélagar og gerðu sér glaða stund. Sérstaklega ánægjulegt var að vel var mætt og spennan nokkur um leið og myndir og frásagnir liðu yfir skjáinn undir dyggri forystu Magnúsar Jakobssonar, Gunnars Páls Jóakimssonar og Friðriks Þórs Óskarssonar. Einnig var ánægjulegt að opna nýtt svæði á heimsíðu FRÍ “Saga FRÍ” en þar er mikinn fróðleik að finna allt frá 1947. Þessi undirbúningsvinna hefur staðið í tvo ár og er hlutaðeigandi þakkað sérstaklega fyrir óeigingjarnt framlag til þessa mikilvæga liðar í okkar starfi.

Í beinu framhaldi var svo uppskeruhátíð FRÍ þar sem margt af okkar besta fólki, hópur ársins, viðburður ársins ofl. hlutu viðurkenningu. Guðni Valur Guðnason kringlukastari úr ÍR og Erna Sóley Gunnarsdóttir kúluvarpari ÍR hlutu sérstaka viðurkenningu sem “Frjálísíþróttakar!” og “Frjálísíþróttakona” ársins. Freyr Ólafsson formaður og Íris Berg Bryde móta- og verkefnastjóri skrifstofu afhentu að lokum nýja viðurkenningu til minningar um Aðalbjörgu Hafsteinsdóttir til Alberts Þórs Magnússonar sem hefur reynst FRÍ einstök viðbót í mótahaldi og umgjörð. Þessi viðurkenning hefur fengið nafnið “Abban”.

3. RIG

Íris opnaði á umræðu um mönnun á RIG sem fram fer 5.2.2024. Verk að vinna þar sem lykilstarfsmenn undangenginna ára eru ekki til staðar og mótsstjóri RIG frá upphafi því miður ekki tiltæk.

4. Önnur mál

- a. Framkvæmdastjóri fór yfir uppgjör á NM í Víðavangshlaupum sem kom vel út og réttu megin við núllið sem er ánægjulegt. Mótið sjálft tókst afar vel og margir sjálfboðaliðar komu að framkvæmdinni.
- b. Formaður upplýsti fundarfólk um þjóðarleikvangaumræðu og raunstöðu. Samtöl og vinna í gangi en mikilvægt að við séum samstíga í íþróttahreyfingunni með næstu skref og forgangsröðun. Í okkar tilviki þarf að tryggja að það sé lausn fyrir okkur um leið og KSÍ fær lausn en þar er mikill þrýstingur á næstu skref og hraða úrvinnslu.
- c. Á formannafundi var kynnt uppfærsla á gjaldskrá FRÍ, sem áður hafði verið kynnt hreyfingunni með útsendingu. Gjaldskrá fyrir árið 2024 samþykkt af stjórn og skrifstofu falið að uppfæra á vef.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 12.35

Ritun fundargerðar: Guðmundur Karlsson, framkvæmdastjóri FRÍ.